

Fundur NOS

haldinn í Hveragerði miðvikudaginn 27. mars 2019 kl. 15:00

Mætt: Aldís Hafsteinsdóttir, Árni Eiríksson, Helgi Kjartansson, Halldóra Hjörleifsdóttir, Jón G. Valgeirsson, Ásta Stefánsdóttir, Ingibjörg Harðardóttir, Kristófer Tómasson, Eydís Indriðadóttir og Elliði Vignisson. Auk þess sat fundinn María Kristjánsdóttir forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings.

1. Starfsmannamál-forstöðumaður

Fyrir liggur að María Kristjánsdóttir hefur sagt upp starfi sínu sem forstöðumaður Skóla- og Velferðarþjónustu Árnesþings. Uppsagnarbréf barst 19. mars 2019 og tekur uppsögnin gildi frá og með þeim degi. Óskar María eftir því að geta látið af störfum í maí en telur sig jafnframt geta verið nýjum forstöðumanni innan handar eftir þann tíma.

Samþykkt að fá verðhugmyndir hjá ráðningarskrifstofum í það verkefni að sjá um að auglýsa eftir forstöðumanni. Aldísi, Elliða og Jóni falið að taka þá vinnu að sér og vera í samskiptum við ráðningarskrifstofu og verða fulltrúar stjórnar í atvinnuviðtölum.

2. Framtíðarsýn Skóla- og Velferðarþjónustunnar.

María lagði fram hugmyndir að breytingu á skipulagi innan þjónustunnar.

Hugmyndirnar ræddar og verða skoðaðar í framhaldinu með nýjum forstöðumanni.

3. Önnur mál

1. Rætt um fyrirkomulag bakvakta félagsþjónustunnar í samstarfi við Lögregluna sem María hefur verið að taka. Skoða þarf hvernig fyrirkomulagi á þeim verður best fyrirkomið til framtíðar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:30

Halldóra Hjörleifsdóttir, fundarritari